

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Skipulagsstjóri Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. október 2013
Tilvísun: UST20130800046/ksj

Deiliskipulag – Garðahverfi á Álftanesi

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 12. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Garðahverfis á Álftanesi í annað sinn vegna endurauglýsingar.

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn dags. 12 apríl 2012. Í fyrri umsögn kom m.a. annars fram að Umhverfisstofnun taldi að í deiliskipulagstillögunni skorti upplýsingar um hvernig fráveitumálum væri háttað í Garðahverfi.


Í viðbótargögnum er fylgja tillögunni nú þegar hún er endurauglýst kemur eftirfarandi fram: „Í Garðahverfi er ein fráveitulögn sem liggur frá Félagsheimilinu Garðaholti niður í sjó vestan við Dysjar. Á lögninni eru nokkur hús og ein rotþró. Önnur hús eru með eigin rotþró. Rotþrær fyrir nýju byggðina verða staðsettar m.t.t. endanlegrar staðsetningar nýrra húsa á hverri bæjartorfu á byggingarleyfisstigi. Heimilt er að staðsetja rotþrær utan lóða á landi hvers býlis en stefnt er að því fleiri en eitt hús á hverri torfu séu um eina rotþró.“


Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í deiliskipulagstillögunni framtíðarstefna um að stefnt verði að því að skólp verði leitt í stofnlagnir fráveitu Garðabæjar, er tengist sameiginlegri útrás Garðabæjar, Kópavogs, Seltjarnarness og Reykjavíkur.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við endurauglýsta tillögu að deiliskipulagi Garðahverfis á Álftanesi.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun